

Alþingi
Eriundi nr. P 137/580
Lomudagur 9. 7. 2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. júlí 2009

Efni: Frumvarp um hvali

Samtök ferðapjónustunnar hafa fjallað um frumvarp um hvali sem liggur fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009. Eftir lestur frumvarpsins er ljóst að frumvarpið fjallar fyrst og fremst um hvalveiðar og lítið tillit tekið til þess að hvalaskoðun hefur verið ein helsta nýting hvalastofnanna við landið síðustu árin. Á síðasta ári fóru 115 þúsund manns í hvalaskoðun og er því orðið um mikilvægan atvinnuveg innan ferðapjónustunnar að ræða og furðulegt að ekkert skuli minnst á hann í frumvarpinu ef frá er talin ein setning um að ráðherra geti afmarkað svæði fyrir hvalaskoðun.

Í svari Jóns Bjarnasonar við fyrirspurn á Alþingi í maí s.l. um hvalveiðar segir:

„Stjórnvöld munu hins vegar fylgjast grannt með framvindu veiðanna og mála þeim tengdum og áskilja sér allan rétt til að grípa inn í verði breytingar á forsendum. Þá mun grundvöllur hvalveiða verða endurmetinn og því starfi mun verða lokið fyrir undirbúning vertíðar ársins 2010. Þetta endurmat felst m.a. í rannsókn á þjóðhagslegri þýðingu hvalveiða þar sem vegnir verða og metnir mismunandi hagsmunir.“

Það hlýtur að teljast eðlilegt að beðið sé eftir ofangreindu endurmati áður en lagt er fram frumvarp að nýjum lögum. Markmið frumvarpsins virðist fyrst og fremst vera að treysta hvalveiðar í sessi og efla valdheimildir sjávarútvegsráðherra til að stjórna hvalveiðum.

Samtök ferðapjónustunnar leggja til að beðið verði eftir niðurstöðum rannsókna á þjóðhagslegri þýðingu bæði hvalveiða og hvalaskoðunar áður en nýtt frumvarp verði lagt fram. Þau leggja ennfremur til að í nýjum lögum um hvali verði kveðið á um nýtingu hvala með hvalaskoðun og að í vinnuhópi sem endursemur frumvarpið verði fulltrúar fleiri ráðuneyta en landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis og má til nefna ferðamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri